

Fundur fjallskilastjórnar Víðdælinga haldinn að Litlu-Ásgeirsá mánud. 20.06.2011 kl. 12:30.

Formaður Sigtryggur Sigurvaldason setti fund og stjórnaði. Maríanna Eva skrifaði fundargerð.

1. Í dag var farið í gróðureftirlitsferð fram að Skálshæð og fram á móts við Gilsbakka að vestan. Með í ferð var Kristján Eymundsson ráðunautur R.H.S. Ástand gróðurs var þokkalegt.
2. Ákveðið í samráði við ráðunaut að leyfa upprekstur sauðfjár frá og með deginum í dag í Lambhaga, Króksland og Tungur, en á Víðidalstunguheiði að austan laugardaginn 25. júní. Upprekstur hrossa er leyfður frá og með 5. júlí nk.
3. Formaður kynnti tillögu landbúnaðarráðs um upphæð styrkvegafjár til deildarinnar 1.350.000,- og gildir hún með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar og ráðherra.
4. Umræður um framkvæmdaþörf og viðhald á vegum.
5. Stefnt er að áframhaldandi endurnýjun á milligerðum í Víðidalstungurétt auk almenns viðhalds rétta.
6. Gerð er ráð fyrir eftirfarandi fjárframlögum til Fjallskiladeildar Víðdælinga:
  - v/Víðidalstunguréttar kr. 400.000,-
  - v/Fellaskála kr. 200.000,-
  - v/Haugakvíslarskála kr. 300.000,-
  - v/viðhalds annarra skála kr. 150.000,-

Samkvæmt tillögu landbúnaðarráðs og ákvörðun sveitarstjórnar koma kr. 615,000,- í viðhald heiðagirðinga.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 13:30.

Maríanna Eva Ragnarsdóttir(sign.),

Sigtryggur Sigurvaldason(sign.)

Júlíus Guðni Antonsson(sign.).